

SAMÞYKKT

fyrir sorphirðu í Sveitarfélaginu Húnaþingi vestra.

I. Almenn ákvæði.

1. gr.

Sveitarfélagið Húnaþing vestra annast sorphirðu (þ.e. sorphreinsun og sorpeyðingu) frá öllu íbúðarhúsnæði í sveitarfélaginu og sorpeyðingu frá atvinnuhúsnæði.

Heilbrigðisnefnd Norðurlandssvæðis vestra, samkvæmt 4. tölul. 2. mgr. 11. gr. laga nr. 7/1998 um hollustuhætti og mengunarvarnir, hefur eftirlit með sorphirðunni og að farið sé að samþykkt þessari.

Sveitarstjórn er heimilt að fela öðrum framkvæmd sorphirðu. Þeir aðilar skulu hafa starfsleyfi heilbrigðisnefndar eða Hollustuverndar ríkisins eftir því sem við á.

2. gr.

Sorphirða og eyðing skal framkvæmd undir yfirstjórn tæknideildar sveitarfélagsins og skal hún sjá um samskipti við þá aðila, sem að því koma, s.s. vegna móttöku spilliefna, meðferðar landbúnaðarplasts og brotajárnshirðu.

3. gr.

Sérhverjum húsráðanda er skylt að nota þau ílát og þær aðferðir sem sveitarstjórn ákveður. Sorpgeymslur og gámasvæði skulu vera aðgengileg.

Húsráðendur skulu halda ílátum hreinum og hreinsa snjó frá sorpgeymslum á vetrum og halda ávallt greiðfærri leið að þeim.

4. gr.

Óheimilt er að láta garðaúrgang, jarðefni eða grjót og brotajárn í sorpílát og gáma. Jarðvegsefnum, þ.m.t. grjóti eða múrbroti, skal komið fyrir á sérmerkta losunarstaði. Spilliefnum og hættulegum úrgangi skal skilað í móttökustöð.

5. gr.

Gámar, sem almenningur á aðgang að, skulu staðsettir á aðgengilegum stöðum.

Húsráðandi getur beðið um að ílátum sé fjölgað og greiðir þá aukagjald sem af fjölgun hlýst, en fjöldi íláta skal ekki svo takmarkaður að þau yfirfyllist.

6. gr.

Sveitarstjórn ákveður, að fengnum tillögum tæknideildar sveitarfélaga og framkvæmdaaðila sorphirðu, tíðni sorphreinsunar. Er gert ráð fyrir að tíðni sorphreinsunar verði að jafnaði vikulega og aldrei sjaldnar en á 14 daga fresti. Ákvörðun um tíðni skal tilkynnt íbúum og fyrirtækjum sveitarfélagsins, svo og ef um breytingar er að ræða, með hæfilegum fyrirvara.

II. Sorphirðugjald.

7. gr.

Sveitarstjórn er heimilt að setja gjaldskrá að fenginni umsögn heilbrigðisnefndar til að standa undir kostnaði við sorphirðu. Gjöld mega aldrei vera hærri en nemur rökstuddum kostnaði við veitta þjónustu og framkvæmd eftirlits með einstökum þáttum. Sveitarfélagið skal láta birta gjaldskrána í B-deild Stjórnartíðinda.

III. Ýmis ákvæði.

8. gr.

Hafi húsráðandi fram að færa kvörtun vegna sorphirðu skal hann koma slíkri kvörtun á framfæri til framkvæmdaaðila verksins.

9. gr.

Með brot á samþykkt þessari skal farið samkvæmt ákvæðum laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

10. gr.

Samþykkt þessi er sett samkvæmt ákvæðum 25. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998, með síðari breytingum, og staðfestist hér með til þess að öðlast þegar gildi.

Umhverfisstjórnuneytinu 10. nóvember 1999.

F.h.r.

Ingimar Sigurðsson.